

ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að **137** forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningum sjóðs- **21. oktbr.** ins í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra amtmaður, hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd umrædds sparisjóðs.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um lán Holtspresta- 138
kalls handa Ásólfskálakirkju. Samkvæmt beiðni prestsins að Holti undir Eyja- **31. oktbr.** fjöllum, Kjartans prófasts Einarssonar, og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 28. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að við þær eptirstöðvar af láni Holtsprestakalls í Rangárvallaprófastsdæmi úr viðlagasjóði eptir skuldabryfi 20. oktbr. 1892 (upprúnalega 2900 kr.), sem eptir verða, þá er frá er dregin 1300 kr. eptirgjöf samkvæmlögum nr. 18 frá 6. nóvbr. f. á., 2. gr., að upphæð kr. 1285.86, megi bæta 14 kr. 14 a., svo að skuldarupphæðin verði kr. 1300.00, og að þessi upphæð veitist Holtsprestakalli úr landssjóði, sem nýtt lán, er ávaxtist og endurborgist með 6% árlega á 28 árum af tekjum prestakallsins, að því leyti sem tekjur Ásólfskálakirkju, sem lánsins hefir notið, hrökkva eigi til að greiða vexti og afborgun.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi, um bygging kirkju í landi 139
Staðarhóls í stað Tjaldaness. Með skírskotun til brjefs mins, dagsetts 10. marz **31. oktbr.** 1896 (Stj.tíð. 1896, B, bls. 34) um að kirkjurnar að Hvoli og Staðarhóli mættu leggjast niður, en í þeirra stað byggjast ein kirkja að Tjaldanesi fyrir báðar sóknirnar, Hvolssókn og Staðarhólssókn, vil jeg hjer með að fengnu samþykki hlutadeigandi hjeradsfundar eptir ósk safnaðanna og samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi yðar, dagsettu 21. þ. m., veita leyfi mitt til þess að hin fyrirhugaða nýja kirkja verði byggð á Skollhól í Staðarhólslandi í staðinn fyrir á Tjaldanesi.

Þetta er yður þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um lántökuleyfi handa 140
Suðurdalapingaprestakalli. Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, **4. nóvbr.** herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 9. septbr. þ. á., vil jeg hjer með veita

140 samþykki mitt til þess, að presturinn í Suðurdalapingum í Dalaprófastsdæmi, 4. nóvbr. síra Jóhannes L. L. Jóhannesson, veðsetji nokkuð af tekjum prestakallsins Miðdalahreppi fyrir allt að 500 króna láni til túnbóta á prestssetrinu Kvennabrekku af fje því, er í núgildandi fjárlögum er veitt til lána handa sveitarfjelögum til framkvæmda í jarðabótum. Auðvitað er lántökuleyfi þetta því skilyrði bundið, að umrætt lán uppá prestakallið endurborgist á eigi lengri tíma en fjárlögin til-taka um jarðabótalánin.

Þetta er yður þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leið-beiningar og frekari birtingar.

141 Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi, um niðurlagning Dyrhólakirkju 15. nóvbr. og Sólheimakirkju og bygging nýrrar kirkju í staðinn. Eptir ósk hlutadeigandi sóknarnefnda og löglegrí ályktun hjeradsfundarins í Vesturskaptafellsprófasts-dæmi 7. júní þ. á., skal jeg samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegum brjefum, dagsettum 7. júlí s. á. og 11. þ. m., og með skírskotun til 4. gr. í lögum nr. 3 frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla, leggja samþykki mitt á, að kirkjurnar að Dyrhólum og Sólheimum í Mýrdal verði lagðar niður, þannig:

1. að Dyrhólasókn og Sólheimasókn verði ein kirkjusókn og byggð verði ein kirkja fyrir hinar sameinuðu sóknir sem næst miðsvæðis, enda tilfalli þeirri kirkju tekjur þær allar, er áður hafa tilfallið Dyrhólakirkju og Sólheimakirkju; og
2. að byggja megikirkju þessa með kirkjugarði á landi þjóðjarðarinnar Ketilsstaða eða Skeiðflatar í Mýrdal í þeim stað, er hentugur verður talinn og umboðsmaður vísar á í samráði við hlutadeigandi sóknarnefnd, gegn því, að verði af ábúanda eða ábúendum þeirrar jarðar, þar sem kirkjan verður sett, farið fram á lækkun jarðarafgjaldsins í þessum notum og samkomulagi eigi verður náð milli ábúanda og sóknarnefndar um upphæð lækkunarinnar eða bótanna fyrir átroðning og jarðspjöll af kirkjubyggingunni, þá verði upphæð þessi ákveðin af tveim óvil höllum mönnum, er sýslumaður til þess nefnir utanrjettar, og greidd af kirkju-tekjunum, þannig að landsdrottinn bíði engan tekjuhalla við það að láta í tje kirkjustæði og kirkjugarðsstæði handa söfnuðinum.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknan-legrar leiðbeiningar og frekari birtingar.